

Mánudaginn 6. maí 1981.

Nr. 107/1981. **Práinn Sigtryggsson**
Ása Haraldsdóttir
Haraldur Práinsson og
Stálvinnslan h/f
 gegn
Grími Sigurðssyni.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. apríl 1981, sem barst Hæstarétti 28. s. m. Gera þeir þær dómkröfur, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir héraðsdóm að dæma málið að efni til. Þá krefjast sóknaraðiljar kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar óskipt úr hendi sóknaraðiljanna Práins Sigtryggssonar, Ásu Haraldsdóttur og Haralds Práinssonar.

Með vísan til forsendna hins kærða dóms þykir mega staðfesta hann.

Rétt er, að sóknaraðiljarnir Práinn Sigtryggsson, Ása Haraldsdóttir og Haraldur Práinsson greiði varnaraðilja óskipt 1.000.00 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljarnir Práinn Sigtryggsson, Ása Haraldsdóttir og Haraldur Práinsson greiði varnaraðilja, Grími Sigurðssyni, 1.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 27. mars 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 17. þ. m., hefur Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður f. h. stjórnar Stálvinnslnunnar h/f, Reykjavík, vegna félagsins höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, útgefinni 20. desember 1979.

Stefndi er Grímur Sigurðsson, Lágholti 13, Mosfellshreppi, Kjósarsýslu.

Allar fjárhæðir í dómi þessum verða í gömlum krónum nema í dómsorði.

Stefnandi gerir þær dómkröfur aðallega, að viðurkennt verði með dómi réttarins, að „rift sé samningi málsaðila frá 4. febrúar 1976 um sölu stefnanda á 8 hlutabréfum í Stálvinnslnunni h. f. til stefnda fyrir verð að fjárhæð kr. 1.342.800 og með þeim kjörum, er nánar greinir í samningi þessum, en gegn endurgreiðslu á kr. 350.000, sem stefndi hefur greitt upp í kaupverð þetta“.

Til vara krefst stefnandi þess, að dæmt verði, að hlutabréfin 8 séu eign Stálvinnslnunnar h/f sem forkaupsréttarhafa gegn greiðslu á kr. 407.200 til stefnda.

Þá verði stefnda og gert að greiða stefnanda málskostnað, hver sem málsúrslit verða.

Stefndi gerir þá dómkröfu aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Með úrskurði, uppkveðnum hinn 9. júlí 1980, var frávísunarkröfunni hrundið að svo stöddu, en málskostnaðarákvörðun látin bíða endanlegs dóms.

Frá því frávísunarkröfu stefnda var hrundið að svo stöddu með úrskurði þess dómara, sem þá fór með málið, hefur verið upplýst m. a., hvernig staðið var að þeim fundi, sem Þráinn Sigtryggsson, Ása Haraldsdóttir og Haraldur Þráinsson byggja málsóknarumboð sitt á. Er því rétt að svo komnu, að frekari meðferð um efni máls fari ekki fram og formhlið málsins leidd til lykta.

Málið var sótt og varið að nýju 17. þ. m. um frávísunarkröfu stefnda, og er það atriði hér til dóms eða úrskurðar.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dags. 4. febrúar 1976, seldi Stálvinnslnan h/f stefnda, Grími Sigurðssyni, 8 hlutabréf í félaginu. Umsamið kaupverð hlutabréfanna var kr. 1.342.800 og skyldi greiðast þannig:

„1. Kaupandi tekur að sér að greiða sem eigin skuld víxil samþykktan af Stálvinnslnunni h/f að fjárhæð kr. 100.000.00 pr. 1. mars 1976.

2. Kaupandi tekur að sér að greiða sem eigin skuld víxil samþykktan af Stálvinnslnunni h/f að fjárhæð kr. 100.000.00 pr. 1. apríl 1976.

3. Kaupandi tekur að sér að greiða kr. 50.000.00 af víxli að fjárhæð kr. 150.000.00 pr. 1. maí 1976, en víxill þessi er samþykktur af Stálvinnslnunni h/f.

4. Kaupandi samþykkir víxil að fjárhæð kr. 92.800.00 með gjalddaga hinn 1. sept. 1976.

Þannig greiðir kaupandinn með víxilskuldbindingum kr. 342.800.00.

5. Þá tekur kaupandinn að sér að greiða kr. 1.000.000.00 eða helming veðskuldabréfs, er Stálvinnslnan h/f gaf út hinn 5. des. 1975. Bréf þetta ber 14% ársvexti, 10 ára bréf, og skuldbindur kaupandi sig til að greiða vexti hlutfallslega af nefndu bréfi. Kaupandi hefur kynnt sér efni veðskuldabréfsins.“

Tekið er fram í samningnum, að þessi 8 hlutabréf hafi, áður en þau komust í eigu félagsins, verið 7 í eigu Haralds Haraldssonar og 1 í eigu Vigdísar Hannesdóttur og afhending bréfanna muni fara fram samkvæmt nánara samkomulagi. Tveir stjórnarmenn félagsins, þeir Þorsteinn Hörður Björnsson, Bugðulæk 17, Reykjavík, formaður félagsstjórnarinnar, og Þráinn Sigtryggsson, Kleppsvegi 130, Reykjavík, meðstjórnandi, undirrita samninginn svo og stefndi, Grímur Sigurðsson.

Á samning þennan ritar stefndi framsal, dags. 11. október 1979, til Ragnars M. Magnússonar, Stekkjarflöt 21, Garðakaupstað.

Til grundvallar framsalinu er kaupsamningur þeirra, dags. sama dag, þar segir m. a.:

1. gr. „Seljandi selur hér með og kaupandi kaupir hér með allan hlut seljanda, nánar tiltekið 1/3, einn þriðja hluta í Stálvinnslnunni h.f., Súðavogi 4 í Reykjavík.“

2. gr. „Innifalið í samningi þessum er einnig hluti seljanda í plast vél svo og hluti hans í loka ofl., á loftpressu, svo og annað, sem hann kann að hafa lagt til handa fyrirtækinu.“

3. gr. „Afhending alls hins selda fer fram við undirskrift samnings þessa, þ. e. a. s. 11. Okt. 1979.“

6. gr. „Hlutabréf seljanda eru í vörslu Stálvinnslnunnar h.f., og skal kaupandi hér með eiga fullan rétt til afhendingar þeirra

frá og með staðfestingu þessa samnings, enda hefur framkvæmdastjóri Stálvinnslnunnar h.f., sem og er einn af eigendum sama fyrirtækis, þegar veitt samþykki sitt fyrir sölu til kaupanda í viðurvist bæði seljanda og kaupanda.“

8. gr. „Umsamið kaupverð alls hins selda eru kr. 1.400.000.00, Ein milljón og fjögur hundruð þúsund krónur, og greiðast kr. 600.000.00, Sex hundruð þúsund krónur, við staðfestingu þessa samnings og eftirstöðvarnar í fjórum jöfnum afborgunum eða kr. 250.000.00 hverri og með venjulegum banka víxil vöxtum eins og þeir eru á greiðslu degi á hverjum tíma. Greiðsludagarnir eru: 1. Mars 1980, 1. Júní 1980, 1. Sept. 1980 og 1. Nov. 1980.“

Frammi liggur í málinu yfirlýsing, sem ber með sér að hafa verið gerð í Reykjavík í nóvember 1979. Yfirlýsingin er undirrituð af stefnda og Ragnari M. Magnússyni og hljóðar svo: „Við undirritaðir Ragnar Magnússon og Grímur Sigurðsson höfum orðið ásáttir um að láta ganga til baka kaup Ragnars á hlutabréfum Gríms í Stálvinnslnunni h.f.“

Hinn 5. desember 1979 sendi Þráinn Sigtryggsson, framkvæmdastjóri Stálvinnslnunnar h/f, stefnda svohljóðandi símskeyti: „Vegna vanefnda þinna á kaupsamningi við Stálvinnslnuna h/f 4. febrúar 1976 er hlutabréfasölunni riftað, og verður hlutabréfunum ráðstafað eftir ákvörðun hlutafélagsins.“

Félagið Stálvinnslnan h/f var stofnað 30. júní 1962. Samþykktir félagsins eru dagsettar sama dag. Hlutaféð var og er að nafnverði kr. 150.000 og skiptist í 30 jafna hluti. Hvert hlutabréf er þannig að fjárhæð kr. 5.000. Stofnendur voru fimm talsins. Félagið var skráð í firmaskrá Reykjavíkur 1. nóvember 1962. Síðan er ekkert skráð um félagið í firmaskrá fyrr en 27. desember 1969. Þá er stjórn félagsins þannig skipuð: Þorsteinn Hörður Björnsson, Bugðulæk 17, Reykjavík, formaður, Þráinn Sigtryggsson, Kleppsvegi 130, Reykjavík, og Ómar Haraldsson, Hólmgarði 5, Reykjavík, meðstjórnendur, og Haraldur Á. Haraldsson, Hólmgarði 5, Reykjavík, varamaður.

Næsta skráning í firmaskrá fer fram 6. desember 1979, en þá var komið til þeirrar deilu, sem er tilefni málssóknarinnar og deilu um hlutabréf Þorsteins Harðar Björnssonar, sem um var fjallað í sjó- og verslunardómi Reykjavíkur. Verður vikið að því atriði síðar. Skráningin 6. desember 1979 er byggð á tilkynningu um aðalfund félagsins 5. desember 1979. Á þeim fundi, sem Þráinn Sigtryggsson boðaði til, var hann kosinn formaður, Ása Haraldsdóttir, eiginkona hans, og Haraldur Þráinsson, sonur þeirra

hjóna, meðstjórnendur og Sigurbjörg Práinsdóttir, dóttir þeirra hjóna, Dalseli 35, Reykjavík, varamaður. Auk þeirra, sem nú voru nefnd og mætt voru á fundinum, hafði Práinn aðeins boðað Kristjönu Práinsdóttur, aðra dóttur þeirra hjóna. Hann hafði ekki boðað Þorstein Hörð Björnsson, formann félagsstjórnar, eiganda 8 hlutabréfa, og stefnda, Grím Sigurðsson, sem gert hafði samning þann við Stálvinnsluna h/f um kaup á 8 hlutabréfum, sem að framan greinir.

Fundarmenn höfðu því aðeins yfir að ráða 8 hlutabréfum Práins Sigtryggssonar, en 6 hlutabréf voru í eigu félagsins. Á þessum fundi var bókað, að stefndi hefði ekki staðið við greiðsluskyldur sínar samkvæmt kaupsamningnum við Stálvinnsluna h/f 4. febrúar 1976 og því aldrei fengið hlutabréfin afhent. Bókað er eftir Práni, að hann hafi sent stefnda símskeyti um, að þeim samningi væri rift. Práinn lét þess getið í fundargerð, að hann hefði framselt fjögur hlutabréf af hlutafjáreign sinni til nefndra þriggja barna sinna og eiginkonu. Skráðir stjórnendur væru auk sin áðurnefndur Ómar Haraldsson og Þorsteinn Hörður Björnsson, sem nú hafi tilkynnt, að hann telji sig ekki lengur eiga hlut í félaginu og sé því óhugsandi, að hann gegni áfram stjórnarstörfum. Stjórnin, sem kosin var á fundinum 5. desember 1979, stendur að málshöfðun þessari vegna Stálvinnslunnar h/f og byggir umboð sitt á þeirri kosningu.

Fyrir 5. desember 1979 er síðast skráður stjórnarfundur í gerðabók Stálvinnslunnar h/f þann 5. desember 1975. Þar var gengið frá samningum um sölu á hlutabréfum Haralds Haraldssonar, Ómars Haraldssonar og Vigdísar Hannesdóttur, sem öll hafa áður verið nefnd. Haraldur Haraldsson, Þorsteinn H. Björnsson og Práinn Sigtryggsson undirrita þá fundargerð. Eftir það munu hluthafar hafa verið orðnir of fáir og þeir Þorsteinn og Práinn tveir eftir í stjórn félagsins, þar sem stjórnarmaðurinn Ómar og varastjórnarmaðuin Haraldur voru gengnir úr félaginu. Hvað varðar stjórn félagsins var þetta óbreytt, er fundurinn 5. desember 1979 var haldinn.

Verður nú vikið að þeirri deilu, sem reis um hlutafé Þorsteins H. Björnssonar. Það er áður fram komið, að samningur Ragnars M. Magnússonar og stefnda um hlutabréf stefnda Gríms er dagsettur 11. október 1979. Þorsteinn mun um nokkurt skeið hafa viljað losna við hluti sína 8 að tölu. Þegar kom fram á árið 1979, fékk hann boð í þá hluti frá nefndum Ragnari. Ragnar hafði þá í um það bil tveggja ára skeið selt síldarflokkunarvélar fyrir

Stálvinnsluna h/f í umboðssölu. Kaupsamningur Ragnars og Þorsteins um hlutabréf Þorsteins er dagsettur 12. október 1979. Umsamið kaupverð var kr. 2.469.780, og mun það hafa verið greitt að mestu. Í máli þessu hefur verið lögð fram yfirlýsing Þorsteins Harðar Björnssonar, dags. 19. nóvember 1979, sem jafnframt var lögð fram í máli því, sem Þráinn Sigtryggsson höfðaði gegn honum fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur. Í yfirlýsingunni segir: „Þar sem ég undirritaður Þorsteinn Hörður Björnsson, Bugðulæk 17, Reykjavík, hef selt minn hlut í Stálvinnslunni h.f., Súðavogi, Reykjavík, og með fullu samþykki Þráins Sigtryggssonar, Kleppsvegi 130, Reykjavík, til Ragnars M. Magnússonar, Stekkjafliót 21, Garðabæ, og þar sem sami aðili hefur einnig keypt hlut Gríms Sigurðssonar, Langholti 13, Mosfellssveit, með fullu samþykki frá mér og Þráni og þar sem ekki hefur verið haldinn hluthafafundur hjá Stálvinnslunni á nokkrum undanförunum árum, þá tel ég eðlilegt og sjálfsagt, að Ragnar M. Magnússon komi í minn stað sem stjórnarformaður Stálvinnslunnar með tilheyrandi skyldum og réttindum, og gef til þess mitt samþykki, svo hann geti sem best gætt sinna hagsmuna.

Það er þó ósk mín, að Ragnar M. Magnússon boði hið allra fyrsta til fundar hluthafa Stálvinnslunnar h.f., svo að ný og lögleg stjórn geti tekið til starfa í fyrirtækinu, og það hið allra fyrsta.“ Undir þetta rita einnig stefndi og Ragnar M. Magnússon sem samþykkir yfirlýsingunni.

Fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur gerði stefnandinn Þráinn Sigtryggsson þá kröfu, „að sala og framsal stefnda, Þorsteins Harðar, á 8 hlutabréfum í Stálvinnslunni h.f. til stefnda, Ragnars Magna, þann 12. október 1979“ yrði dæmt ógilt. Enn fremur krafðist hann þess, að Þorsteini og Ragnari yrði sam-eiginlega gert skylt að afhenda sér hlutabréfin gegn greiðslu á andvirði þeirra, kr. 2.469.700, til Þorsteins og Þorsteini yrði gert að rita framsal á hvert þessara 8 hlutabréfa til sín. Með dómi í því máli þann 24. júní 1980 var þessi sala ógilt, þar sem formlega lögleg samþykkt félagsstjórnar á sölunni lá ekki fyrir, en stefndi í því máli hélt því fram, að stjórn félagsins hefði samþykkt þessa sölu, og vitnaði til stjórnarfundar 6. desember 1979, sem greindur verður. Meðan svo var og ekki lá fyrir um rétt annarra hluthafa, var ekki fjallað um aðra hluta kröfu stefnandans og stefndu Þorsteinn og Ragnar sýknaðir að svo stöddu af þeim kröfum. Þeim dómi var ekki áfrýjað.

Hinn 6. desember 1979 boðaði Þorsteinn Hörður Björnsson til fundar í stjórn Stálvinsslunnar h/f. Þráinn Sigtryggsson var boðaður til þess fundar, en mætti ekki. Í fundargerð, sem lögð hefur verið fram, segir, að fundurinn hafi verið boðaður samkvæmt áskorun Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, lögmanns Þráins Sigtryggssonar, hinn 29. nóvember 1979, til Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, lögmanns Þorsteins H. Björnssonar, „um, að haldinn yrði aðalfundur tafarlaust.“ Þætti rétt og skylt, að þessi stjórnarfundur færi fram til að ákveða um aðalfundinn. Stefndi og Ragnar M. Magnússon voru viðstaddir þennan fund ásamt fleirum. Í nefndum dómi sjó- og verslunardóms Reykjavíkur er því slegið föstu, að löglega hafi verið boðað til þessa fundar samkvæmt 2. mgr. 18. gr. félagssamþykkt. Ekki eru efni til að rekja frekar efni fundargerðarinnar, nema hvað bókað er eftir Þorsteini og raunar einnig áðurnefndum Ómari Haraldssyni, sem sat þennan fund, að þeir telji kaupsamning stefnda Gríms Sigurðssonar og Stálvinsslunnar h.f. í fullu gildi og álykti, að honum séu afhent hlutabréfin með framsali stjórnarinnar. Riftun í greindu símskeyti sé ekki á rökum reist.

Þorsteinn Hörður Björnsson hefur nú höfðað mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur „til slita á Stálvinsslunni h.f., Súðarvogi 4, Reykjavík, skv. 115. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög,“.

Stefndi byggir kröfu sína um frávísun málsins frá dómnum á því, að fundurinn, sem Þráinn Sigtryggsson stóð að og haldinn var 5. desember 1979 sem aðalfundur Stálvinsslunnar h/f, hafi verið ólöglegur. Sú stjórn, sem standi að málssókn þessari í nafni félagsins, sé því ólögleg og skorti umboð til málshöfðunarinnar vegna félagsins. Telja verði alveg ótvírætt samkvæmt 7. gr. samþykkt félagsins, að stjórn félagsins ein geti boðað til hluthafafunda. Að fundinum hafi aðeins staðið Þráinn Sigtryggsson stjórnarmaður og fjölskylda hans, eigendur 8 hlutabréfa. Þessir aðiljar hafi að sjálfsögðu ekkert vald haft til að efna til aðalfundar með þeim hætti sem gert var. Atkvæðisbært hlutfé hafi verið 24 bréf af 30, þar sem 6 hafi verið í eigu félagsins. Samkvæmt þessu hafi hluthafar 16 bréfa ekki verið boðaðir á fundinn og í því sé fólgið brýnt brot á 8. gr. samþykkt félagsins og 7. gr. samþykktanna. Er málið var flutt fyrra sinni um þennan þátt málsins, gerði stefndi þá kröfu, að Þráinn Sigtryggsson, Ása Haraldsdóttir og Haraldur Þráinsson yrðu dæmd til að greiða

stefnda málskostnað persónulega og in solidum. Stefndi hefur ítrekað þessa kröfu og byggir hana á því, að þau skipi ekki stjórn félagsins og séu því með persónulega aðild að málinu.

Stefnandi krefst þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og stefnda verði jafnframt gert að greiða málskostnað í þessum þætti málsins. Stefnandi byggir á því í fyrsta lagi, að dómurinn sé bundinn af fyrri úrskurði, þar sem frávísunarkröfunni var hrundið að svo stöddu. Í öðru lagi byggir stefnandi á því, að fundurinn 5. desember 1979 hafi verið löglegur og lögleg stjórn standi að málssókninni fyrir hönd félagsins. Félagið sé aðili að máli þessu. Á þessum tíma hafi stefndi ekki verið fullgildur hluthafi né heldur Þorsteinn Hörður Björnsson, sem selt hafi hlutabréf sín. Forkaupsréttur verði virkur við sölu hlutabréfa. Samkvæmt því hafi 16 hlutabréf þeirra tveggja ekki verið atkvæðisbær samkvæmt 7. gr. samþykktu félagsins. Þráinn Sigtryggsson hafi því einn verið eftir í stjórn félagsins og aðeins hann og hans fjölskylda hluthafar. Enginn hafi getað komið fram fyrir önnur hlutabréf. Í þriðja lagi byggir stefnandi á því, að eins og hér standi á, sé erfitt að hafa mið af lögum um hlutafélög og samþykktum félagsins. Líta verði á afstöðu og aðgerðir Þráins Sigtryggssonar, framkvæmdastjóra félagsins, út frá neyðarréttarsjónarmiðum vegna skyldna hans gagnvart félaginu. Þá hafi enginn getað boðað til fundar í félaginu nema hann.

Í III. kafla samþykktu Stálvinnslnunnar h/f eru ákvæði um félagsfundi, og segir þar í 7. gr.: „Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í félaginu í öllum félagsmálum með takmörkum þeim, sem þessar samþykktir setja. Til þess að félagsfundir séu lögmætir, verða að vera mættir á fundinum hluthafar, er hafa yfir að ráða a. m. k. þrem fimmtu af atkvæðisbæru hlutafé.“

Samkvæmt 8. gr. skal stjórn félagsins boða til aðalfundar með 14 daga fyrirvara með „tilkynningu í ábyrgðarbréfi eða símskeyti til hvers einstaks hluthafa. Í fundartilkynningu skal skýrt frá, hvert fundarefni sé.“

Í 10. gr. segir: „Rétt til að sækja fundi félagsins hafa hluthafar félagsins og umboðsmenn þeirra. Í byrjun hvers fundar skal rannsaka, hvort fundarmenn hafi rétt til að sitja hann og greiða atkvæði. Eitt atkvæði er fyrir hverjar 5000 krónur, sem hluthafi á í félaginu. Þó má enginn hluthafi fara með meira en 1/5 atkvæða.“

Í 11. gr. segir: „Aðaltillögur þær, sem komið er með fram á fundi, skulu vera til sýnis fyrir hluthafa á skrifstofu félagsins

2 dögum fyrir fundinn. Þó má gera undantekningu frá þessu á fundi með 3/4 greiddra atkvæða. Dagskrá fyrir fundinn skal látin liggja frammi á skrifstofu félagsins jafn langan tíma. Viðauka og breytingartillögur, er löglega eru bornar fram, má bera upp á fundinum sjálfum, þótt hluthöfum hafi ekki áður verið gefinn kostur á að kynna sér þær.

Tveim vikum fyrir hvern aðalfund félagsins skal reikningur félagsins fyrir hið liðna ár ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum stjórnarinnar og tillögum endurskoðenda til úrskurðar vera til sýnis fyrir hluthafa á skrifstofu félagsins.“

Í IV. kafla samþykktanna eru fyrimæli um stjórn félagsins. Kemur þar fram í 17. gr., að stjórn félagsins skipi þrír hluthafar, sem skuli kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Þá skal kosinn einn varastjórnandi til eins árs í senn, og tekur hann sæti í stjórninni í forföllum stjórnanda.

Í 18. gr. segir: „Stjórnin kýs sér formann, varaformann og ritara og skiptir með sér störfum að öðru leyti og ákveður jafnframt, með hve löngum fyrirvara og hvernig boða skuli til stjórnarfundar. Fundinum stýrir formaður eða varaformaður. Ræður afl atkvæða. Fundarstjóri hefur atkvæðisrétt og neytir hans sem aðrir fundarmenn. Nú eru jöfn atkvæði, og skal þá talinn meirihluti, er hefur atkvæði formanns sín megin.

Stjórnin heldur fundi, þegar formanni þykir við þurfa, en auk þess er formanni skylt að boða til fundar, þegar meðstjórnandi eða endurskoðandi krefjast þess. Stjórnarfundir skal halda í Reykjavík. Það, sem gerist á stjórnarfundum, skal bókast í gerðabók félagsins, og ritar stjórnin undir.

Ályktanir, sem gerðar eru á stjórnarfundum, eru gildar, þegar 2 stjórnendur hafa sótt fundi. Stjórnin ræður öllum félagsmálum milli fundar og getur skuldbundið félagið og eignir þess með ályktunum sínum og samningum og þar á meðal selt þær og veðsett. Þó þarf samþykki allra stjórnarmanna til slíkrar sölu eða veðsetningar.

Stjórnin hefur almenna umsjón með rekstri félagsins og fjárhag þess. Hún ræður framkvæmdastjóra, ef þörf þykir, og vísar honum frá.

Framkvæmdastjóri má eiga sæti í stjórn félagsins. Framkvæmdastjóri skal jafnan leita úrskurðar stjórnarinnar um mikilsverð málefni, sem félagið varðar. Undirskrift tveggja stjórnenda er skuldbindandi fyrir félagið gagnvart öðrum, nema um sölu eða veðsetningu fasteigna sé að ræða.“

Ekki verður fallist á þá málsástæðu stefnanda, að dómurinn sé, eins og hér stendur á, bundinn af greindum úrskurði um frávísunarkröfu stefnda, sbr. 3. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt 8. gr. samþykktu Stálvinnslunnar h/f er það stjórn félagsins, sem boðar til aðalfundar. Skal stjórnin boða hvern einstakan hluthafa. Þannig var ekki boðað til fundarins 5. desember 1979, og það er félagsfundur, sem rannsakar, hvort fundarmenn hafi rétt til að sitja fundinn og greiða atkvæði, sbr. 10. gr. félagssamþykktanna. Því er eigi haldið fram, að meðstjórnandinn Þráinn Sigtryggsson hafi árangurslaust skorað á Þorstein Hörð Björnsson, formann félagsstjórnar, að halda stjórnarfund, sbr. 2. mgr. 18. gr. samþykktanna. Samkvæmt þessu var fundurinn 5. desember 1979 ekki lögmætur aðalfundur Stálvinnslunnar h/f, og eigi hefur verið fram á það sýnt, að önnur atvik breyti þeirri niðurstöðu. Er því ljóst, að sú kosning, sem Þráinn Sigtryggsson, Ása Haraldsdóttir og Haraldur Þráinsson byggja umboð sitt á, veitir þeim ekki vald til að binda Stálvinnsluna h/f í máli þessu. Ber því að vísa máli þessu frá dómi.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma Þráin Sigtryggsson, Ásu Haraldsdóttur og Harald Þráinsson til að greiða stefnda in solidum 350.000 krónur í málskostnað, og er þá tekið tillit til málskostnaðar vegna fyrri flutnings málsins.

Dóm þennan kváðu upp Hlöðver Kjartansson, fulltrúi sýslumanns, og meðdómendur Helgi V. Jónsson, hæstaréttarlögmaður og löggiltur endurskoðandi, og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnendur, Þráinn Sigtryggsson, Ása Haraldsdóttir og Haraldur Þráinsson, greiði stefnda, Grími Sigurðssyni, in solidum 3.500 nýkrónur í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.